

Mál nr. 174/2014
M
og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur við gatnamót Nýbýlavegar og Auðbrekku 21. maí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. júní ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 23. júní 2014 ásamt gögnum.
3. Bréf V1 dags. 30. júní 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B við gatnamót Nýbýlavegar og Auðbrekku í Kópavogi. Bifreið A hafði verið lagt við hægri vegkant Nýbýlavegar ásamt öðrum bifreiðum og var ekið þaðan inn á Nýbýlaveg, áleiðis í hægri beygju inn Auðbrekku þegar árekstur verður við bifreið B sem ók í sömu átt.

M sem ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið komin út fyrir biðskyldumerki þegar óþekktri bifreið verið ekið vinstra megin fram úr bifreið hans þannig að M stöðvaði og var að taka af stað aftur þegar árekstur varð við bifreið B. Í málskoti kveðst M hafa verið kominn fram yfir biðskyldu í venjulegri akstursstefnu og því eigi að leggja alla sök á bifreið B sem hafi ekið utan í A. V1 tekur undir sjónarmið M og bendir á að bann sé við framúrakstri við gatnamót skv. 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 auk þess sem ökumaður bifreiðar B hafi tekið hægri beygju fjarri hægri brún akbrautar, sbr. fyrirmáli í 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Ökumaður bifreiðar B hafi séð til ökutækis A á akbrautinni og hefði því átt að veita því forgang. V2 telur að M sem ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið úr kyrrstöðu frá hægri vegkanti í veg fyrir ökumann B og þannig brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort árekstur hafi orðið með þeim hætti að ökumaður bifreiðar A ók úr kyrrstöðu í veg fyrir umferð um Nýbýlaveg eða hvort ökumaður bifreiðar B hafi ekið á rangan hátt í hægri beygju fram úr bifreið A sem sætti færís að komast inn á Auðbrekku. Af gögnum málsins má ráða að nokkrum bifreiðum hafi verið lagt í hægri vegkanti Nýbýlavegar án þess að þar séu bifreiðastæði. Af framburðum beggja ökumanna má ráða að þeir hafi lagt bifreiðum sínum með þeim hætti áður en áreksturinn varð. Þegar ekið er framhjá eða út úr slíkum aðstæðum ber báðum ökumönnum að sýna aðgæslu. Óljóst er af gögnum málsins og án vitna hvort ökumaður A var kominn í akstursstefnu inn á Nýbýlaveg eða enn lagt hægri vegkanti, en ökumaður B kveðst þó hafa séð tilraun ökumanns A til að fara af stað og hemlun hans vegna bifreiðar sem var á undan. Þegar litið er til allra aðstæðna telst hvorugur ökumanna hafa gætt nægrar aðgæslu við aksturinn. Í ljósi þessa telst rétt að skipta sök til helminga milli ökumanna.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanns bifreiðar A og ökumanns bifreiðar B.

Reykjavík 5. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.